

Reykjavík 9. október 2015

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um aukinn stuðning við móttöku flóttafólks. Þingskjal 9 – 9. mál.**

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna framkominni tillögu til þingsályktunar um aukinn stuðning við móttöku flóttafólks til Íslands.

Engum dylst það lengur hve mikill flóttamannavandinn er í heiminum í dag og hve mikilvægt er að allar þjóðir heims beri ábyrgð á að aðstoða við að leysa vandann.

Barnaheill hvetja yfirvöld til að gera sitt ítrasta til að taka á móti eins mörgum flóttamönnum og mögulegt er og vanda vel til verka. Sérstaklega vilja Barnaheill hvetja til þess að börn sem er á flótta án fylgdar njóti sérstakrar aðstoðar en þó er mikilvægast að börnum í þeirri stöðu verði fyrst hjálpað að finna fjölskyldur sínar. Jafnframt taka Barnaheill sérstaklega undir þá hugmynd í þingsályktunartillögunni að aðstoða það flóttafólk sem nú þegar er á Íslandi við að hjálpa fjölskyldumeðlimum sínum að komast til Íslands. Það styrkir þá sem nú þegar hafa flust til Íslands og þeirra félagslega net. Það gagnast vel þeim börnum sem þeim fjölskyldum tilheyra.

Börn á flótta ber að líta fyrst og fremst á sem börn með sjálfstæð réttindi til sérstakrar verndar fremur en sem almennt flóttafólk. Í þessu samhengi vekja Barnaheill sérstaka athygli á 22. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri